

AUGLÝSING

um umferð í Akraneskaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Stöðvunarskylda verður á umferð af lóðinni nr. 32 við Smiðjuvelli út á Þjóðbraut.
2. Hámarkshraði verður lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst. á 160 metra kafla framan við leikskólann Akrasel, milli göngustíga beggja vegna Akrasels.
3. Hámarkshraði verður lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst. á Höfðagrund, og miðast mörkin við innkeyrslur frá Innnesvegi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 28. nóvember 2012.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2012